

Minnisblað

Dagsetning: 07.11.2022
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2022 – Rauðfossar og Augað

Rauðfossafjöll eru í vesturjaðri Torfajökulseldstöðvakerfisins og einkennist svæðið af súrum gosefnum. Rauðfoss fellur til að mynda fram af stuðluðu ríólít-hrauni sem talið er að hafi gosið undir jökli á síðasta jökulskeiði (1.mynd). Vestan við fossinn er gjall og klepragígur með áberandi rauðamöl. Augað er síðan uppspretta Rauðfossakvíslar sem fellur fram í Rauðfoss. Augað og í raun svæðið allt hefur þótt sérstakt fyrir þær sakir að þar ægir saman tæru vatni, rauðum árfarvegi og skærgrænum mosa.

Svo virðist sem Rauðfossar og Rauðfossakvísl hafi þar til nýlega verið meðal leyndra perla hálendisins og lítið verið heimsótt. Umhverfisstofnun gerir árlega ástandsmat á ferðamannastöðum innan friðlýstra svæða og árið 2018 voru Rauðfossar og Rauðfossakvísl fyrst metin. Í matinu komu fram margar athugasemdir og hugmyndir af úrbótum á svæðinu. Til dæmis var nefnt að það mætti afmarka betur bílastæðið, skilgreina útsýnisstað við Rauðfoss og loka og græða upp hentistíga. Í dag er búið að framkvæma mikið af þessum verkefnum eða verið að vinna í þeim um þessar mundir. Þess má geta að þetta svæði var sett á rauða lista ástandsmats Umhverfisstofnunar árin 2018-2020, en í ástandsmatinu árið 2021 var búið að færa það yfir á appelsínugula listann.¹

Framkvæmd

Rauðfossar og Augað voru heimsótt þann 12. september 2022 af starfsfólki Náttúrustofu Suðvesturlands. Aðalgönguleiðin frá bílastæðinu að Auganu var gengin og mat lagt á innviði ásamt ástandi gróðurs og jarðminja. Notast var við FieldMaps forritið til að taka myndir og skrásetja hentistíga og skemmdir á gróðri, jarðminja og innviða. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Þar að auki var dróni notaður til að taka yfirlitsmyndir af svæðinu og kortleggja svæðið umhverfis Augað. Við upphaf gönguleiðarinnar var dróninn jafnframt notaður til að taka ljósmyndir af utanvegaakstri. Handteljari var notaður til að telja ræsin á gönguleiðinni.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Við veginn sem liggur að Krakatind er búið er að gera bílastæði við upphaf gönguleiðarinnar. Hvergi kemur fram að þar sé gönguleið að Rauðfoss og Auganu. Bílastæðið rúmar um 10 bíla og er snyrtilega gert með kanti úr þökum af svæðinu. Þar eru skilti sem ítreka að aðeins er leyfð umferð gangandi og ekki megi ganga utan stíga. Verið var að vinna í að gera göngustíg að Auganu, felst það bæði í því að fjarlægja gróðurhuluna

ofan af melnum og leggja í kanta stígsins. Melurinn hentar vel sem undirlag og því þarf ekki að bera aðflutta mól í stíginn. Til að fyrirbyggja að vatn safnist fyrir á göngustígnum og valdi rofi hafa verið útbúin ræsi úr



1. mynd: Rauðfoss í allri sinni dýrð frá útsýnispallinum. Í hægra neðra horni myndarinnar er síðan hægt að sjá hvernig búið er að setja upp skilti sem bannar umferð að fossinum til að vernda gróðurinn.

grjóti til að veita vatni frá. Þar sem stígurinn liggur um votlendi hefur hann verið hlaðinn upp með grjóti (20-40 cm) svo fólk komist þurrum fótum um svæðið og vatn geti flætt óhindrað um viðkomandi svæði (2. mynd). Alls eru ræsin 62 frá bílastæði að Rauðfossi og frá fossinum að Auganu eru þau 20 talsins. Stígurinn er almennt vel hannaður og fellur vel að umhverfinu. Á nokkrum stöðum þar sem ferðamenn hafa labbað utan stíga hafa verið sett upp skilti eða vegartálmar (reipi strengt milli staura) til að koma í veg fyrir umferð utan stíga. Við Rauðfoss hefur verið komið upp útsýnispalli með sætisbekk hlöðnum úr grjóti og torfi. Þar hefur til dæmis verið sett upp skilti við stíg sem liggur að og í umhverfi fossins sem bannar umferð gangandi til að vernda gróður (1. mynd).

Fyrir framan Rauðfoss er mikið af förum eftir utanvegaakstur. Við Rauðfoss má sjá merki þess að fólk hafi gengið utan stíga, ofar eru stígar víða farnir að breikka og við Augað er augljóst að gróðureyðing hefur

orðið mikil svo melurinn er víða einn eftir (3. mynd). Gera má ráð fyrir að nýr stígur muni stýra umferð gangandi mun betur og vernda gróðurþekju á svæðinu.



2.mynd. Hér hefur stígurinn verið hlaðinn stóru grjóti til að fyrirbyggja rof á votlendi.

Svæðið við Rauðfossa, Rauðfossakvísl og Auga er að mestum hluta moslendi, melar og mólendi. Mosi er einstaklega viðkvæmur og þá sérstaklega gegn traðki og ágangni, það er því jákvætt að það sé verið að skilgreina gönguslóða á svæðinu og græða upp hentistíga á svæðinu. Helstu mosavistir á svæðinu eru melagambravist og hraungambravist. Þar að auki er hægt að finna dýjamosa við Rauðfossakvísl en það kemur ekki fram á vistgerðarkorti NÍ að á svæðinu sé dýjavist og því mætti skoða það.² Dýjamosi finnst í öllum landshlutum, þó mest til fjalla en tvær mosategundir ganga undir þessu nafni, dýjahnappur (*Philonotis fontana*) og lindaskart (*Pohlia wahlenbergii*). Þessar tegundir vaxa í votlendi þar sem vatn sprettur fram í grýttum hlíðum og grunnvatnsstreymi er fremur jafnt yfir árið. Þessir mosar einkennast af samfelldum skærgrænum mosabreiðum.³ Þekja æðplantna á svæðinu er lítil og gróðurinn er lágvaxinn. Fuglalífið var fremur rýrt, einungis sáust heiðlóur og einn steindepill. Síðan voru þónokkrar kindur á vappi báðum megin við ána ofan við Rauðfoss.



3. mynd. Í nærumhverfi Augans árið 2022 var farið að bera á mikilli gróðureyðingu.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Greinilegt er að verið er að vinna í að bæta innviði á svæðinu þar sem fjöldi ferðamanna er að aukast. Er verið að leggja lokahönd á vel markaða stikaða gönguleið allt frá bílastæði og að Auganu. Búið er að afmarka veglegt bílastæði, setja upp vegartálma og merkingar á hentistíga til að vernda gróður og útbúa ræsi á göngustíg til að veita vatni frá honum. Nauðsynlegt er að fylgjast með áhrifum þessa innviðauppbýgginga og hvort þau skili tilætluðum árangri. Einnig er mikilvægt að halda áfram að vakta utanvegaakstur á svæðinu fyrir framan Rauðfoss og fylgjast með framgangi gróðurþekjunnar yfir gömul hjólför. Æskilegt væri að heimsækja svæðið aftur að 1-2 árum liðnum til að fylgjast með breytingum og framförum svæðisins.

Heimildir

1. Umhverfisstofnun. (2021). *Ástandsmat áfangastaða innan friðlýstra svæða*.
https://ust.is/library/sida/Nattura/Astandsmat_ferdamannstada_innan_fridlystra_svaeda_2021.pdf
2. Vistgerðir – land: 2.útg. (2018). Vistgerðakort Náttúrufræðistofnun Íslands. 1:25.000. vistgerdakort.ni.is (skoðað 14.09.2022)
3. Náttúrufræðistofnun Íslands. (e.d.). Dýjavist. Sótt 14. september 2022 af
<https://www.ni.is/is/grodur/vistgerdir/land/dyjavist>